

Mál nr. 197/2017
M og
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðar A.

Umferðaróhapp á gatnamótum Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar 21.10.2016.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 19.6.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-7
2. Bréf V dags. 30.6.2017.

Málsatvik.

M segir að hann hafi verið á gangi yfir Urðarbraut á gatnamótum Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar í Kópavogi gegnt grænu ljósi þegar hópferðabifreiðin A hafi ekið utan í sig. M segist ekki hafa dottið við höggið heldur hrökklast undan. M segist kenna sér meiðsla í mjóbaki eftir slysið og meins í spjaldlið og mjöðm auk þess að hann sé haldinn miklum kvíða og depurð og beri einkenni álagsstreitu og krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna þess.

V hafnar bótaskyldu og segir að í framburði vitnis hjá lögreglu segi að vitnið hafi ekki séð að A hafi ekið á M. Þá segir V að ökumaður A segist ekki hafa séð M nálægt A og engar ákomur hafi verið sýnilegar. V telur því ósannað að A hafi ekið á M í umrætt sinn. Ökumaður A segir í lögregluskýrslu að hann hafi ekki séð neina gangandi umferð, en séð síðan í baksýnisspeglinum mann fyrir aftan A, sem hafi gengið í átt að sundlauginni og hafi maðurinn síðan komið og sagt að A hafi verið ekið á sig og hafi sér komið það á óvart. Ökumaður A segir að A hafi verið skítug, en ekki hafi sést á bifreiðinni að henni hafi verið ekið utan í nokkuð og þá hafi ekki verið óhreinindi á fötum M.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um það hvort að A hafi ekið utan í M eða ekki. M heldur því staðfastlega fram að A hafi verið ekið utan í sig, en hann ekki fallið við það, en hlotið tilgreind meiðsli. M leggur hins vegar ekki fram nein heilsufarsgögn, sem rennt gætu stoðum undir þá fullyrðingu hans, að hann hafi orðið fyrir tjóni í umrætt sinn. Ökumaður A neitar eindregið að hafa ekið á eða utan í M. Í málinu er ekkert sem sýnir fram á það með ótvíræðum hætti að A hafi verið ekið utan í M og á M þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 29.8. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.